

Minnisblað

Til: Fjölskyldu- og barnamálasviðs

Frá: Jóni Inga Þorvaldssyni lögmanni.

Dags: 10. mars 2021

Efni: Útboð – viðmiðunarfjárhæðir félagsþjónustu og sértækrar þjónustu

Álitaefni:

Þann 3. mars 2021 var óskað eftir samantekt á þeim lögum og reglum sem varða viðmiðunarfjárhæðir vegna kaupa á þjónustu um félagsþjónustu og/eða aðra sértæka þjónustu, þá sérstaklega velferðarþjónustu fyrir aldraða.

Útboðskylda - viðmiðunarfjárhæð:

Meginreglan um útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, er sú að kaup á þjónustu yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. og 4. mgr. 23. gr. skal fara fram á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs samkvæmt nánari reglum laganna.

Viðmiðunarfjárhæð hefðbundins þjónustusamnings er kr. 15.500.000 skv. 1. mgr. 23. gr. lag um opinber innkaup (innkaupalög).

Hins vegar ef um er að ræða innkaup sem falla undir félagsþjónustu og/eða aðra sértæka þjónustu þá skal farið eftir 4. mgr. 23. gr. lag um opinber innkaup.

Ákvæðið kveður á um að Ráðherra skuli birta viðmiðunarfjárhæðir fyrir opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu í íslenskum krónum í reglugerð.

Hefur ráðherra birt viðmiðunarfjárhæðir í reglugerð nr. 1313/2020 en þar segir í 4. gr.:

Viðmiðunarfjárhæð vegna innkaupa á opinberum þjónustusamningum um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt VIII. kafla laga um opinber innkaup, sem gerðir eru af opinberum aðilum, er **97.770.000 kr.**

Er viðmiðunarfjárhæð fyrir innkaup sem falla undir félagsþjónustu og/eða aðra sértæka þjónustu því **kr. 97.770.000.**

Þjónusta sem fellur undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu:

Samkvæmt heimild í 122. gr. innkaupalaga er ráðherra heimilt að mæla fyrir um nánari framkvæmd laganna og þar á meðal um „þjónustu sem fellur undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu, sbr. 92. gr.“.

Hefur ráðherra skilgreint með nánari hætti í reglugerð nr. 1000/2016, að innkaup á þar nánar tilgreindum sviðum falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu í skilningi innkaupalaga.

Varðandi verkefni fjölskyldu- og barnamálasviðs skal helst litið til 1. og 2. t.l.

1. Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og þjónusta tengd henni (CPV 75200000-8, 75231200-6; 75231240-8, 79611000-0, 79622000-0, 79624000-4, 79625000-1, frá 85000000-9 til 85323000-9, 98133100-5, 98133000-4, 98200000-5, 98500000-8 og 98513000-2 til 98514000-9).
2. Stjórnsýsluþjónusta, félagsþjónusta, þjónusta á sviði menntunar, heilsugæslu og menningarstarfsemi (CPV 85321000-5, 85322000-2, 75000000-6, 75121000-0, 75122000-7, 75124000-1, frá 79995000-5 til 79995200-7, frá 80000000-4 til 80660000-8, frá 92000000-1 til 92700000-8, 79950000-8, 79951000-5, 79952000-2, 79952100-3, 79953000-9, 79954000-6, 79955000-3 og 79956000-0).

Er þar á meðal vísað til CPV 85311100-3 *Velferðarþjónusta fyrir aldraða*.

Niðurstaða:

Með vísan til framangreinds verður því að horfa til þess að þegar um er að ræða innkaup á þjónustu sem fellur undir flokkinn velferðarþjónusta fyrir aldraða skuli viðmiðunarfjárhæð varðandi útboðsskylda þjónusta miðast við **kr. 97.770.000**.

Lög og reglugerðir:

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016

<https://www.althingi.is/lagas/151a/2016120.html>

Reglugerð nr. 1313/2020 um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir, skilgreiningu á verksamningum og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1313-2020>

Reglugerð nr. 1000/2016 um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup.

[https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/fjarmala--og-](https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/fjarmala--og-efnahagsraduneyti/nr/20317)

[efnahagsraduneyti/nr/20317](https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/fjarmala--og-efnahagsraduneyti/nr/20317)